

## Fundargerð

### 276. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í fjarfundi (Teams) 26. mars 2020, kl. 13:00.

#### Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Jóna Björg Hlöðversdóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson og Dagbjört Jónsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri.

#### Dagskrá:

##### 1. Ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga - 2003015

Til að bregðast við aðstæðum sem hafa skapast vegna Covid-19 hefur Alþingi samþykkt breytingar á sveitarstjórnarlögum sem ætlað er að skapa sveitarfélögum svigrúm til að bregðast við neyðarástandi og tryggja að sveitarstjórnir verði starfhæfar. Breytingarnar kveða á um að ráðherra geti veitt sveitarstjórnum tímabundna heimild til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga til að sveitarstjórn sé starfhæf við neyðarástand og til að auðvelda ákvarðanatöku.

Til að tryggja starfhæfi sitt og til að auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélags er öllum sveitarstjórnum heimilt að taka eftirfarandi ákvarðanir fela m.a. í sér tímabundin frávik frá skilyrðum ákvæða 3. mgr. 17. gr., 5. mgr. 35. gr., 1. mgr. 40. gr., 1. og 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga og 5. gr. leiðbeininga innanríkisráðuneytisins, frá 4. desember 2013, um leiðbeiningar um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórn, nr. 1140/2013. Sveitarstjórnnum er heimilt að taka framangreindar ákvarðanir á fundi þar sem allir fundarmenn taka þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Heimild þessi gildir til 18. júlí 2020.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að heimila fjarfundi sveitarstjórnar og fastanefnda í Þingeyjarsveit án þess að fjarlægðir séu miklar, samgöngur innan sveitarfélagsins erfiðar eða að mælt sé fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykktum sveitarfélagsins. Engin takmörk verði á fjölda lögmaðtt boðaðra fundarmanna sem taka þátt í fundinum í fjarfundabúnaði. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að ritun fundargerða sveitarstjórnar og fastanefnda fari fram með öðrum hætti en mælt er fyrir um leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins, um ritun fundargerða, nr. 22/2013. Fundargerð skal annað hvort deilt með öllum fundarmönnum á skjá í lok fundar og lesin yfir og síðan staðfest með tölvupósti eða undirrituð rafrænt.*

##### 2. Umræður um áætlanir vegna COVID-19 - 2003016

Lagðar fram hugmyndir og ábendingar að aðgerðum sveitarfélaga frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf í ljósi þess samdráttar sem

blasir við í þjóðarbúskapnum.

Þar sem útbreiðsla COVID-19 veirunnar getur haft mikil áhrif á íslenskt atvinnulíf og heimili, með fyrirsjáanlegu tekjutapi á næstu mánuðum, þá vill sveitarstjórn Þingeyjarsveitar koma til móts við þá sem þess óska, með eftirfarandi fyrstu aðgerðum til þess að veita viðspyrnu:

1. Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi breytingar á gjalddögum í samþykktri gjaldskrá fasteignagjalda árið 2020. Mögulegt er að óska eftir því að gjalddagar sem áttu að vera 1. apríl, 1. maí og 1. júní 2020, freistist um allt að 7 mánuði, enda verði óskað eftir því með tölvupósti á sérstöku eyðublaði á [sigrun@thingeyjarsveit.is](mailto:sigrun@thingeyjarsveit.is)
2. Þar sem COVID-19 hefur valdið röskun á þjónustu stofnana sveitarfélagsins, svo sem í grunn- leik- og tónlistardeildum, þá er sveitarstjóra falið að endurskoða innheimtu með tilliti til notkunar og/eða skerðingar þjónustunnar. Einstaklingar greiða einungis fyrir þá þjónustu sem þeir nýta.
3. Þar sem Íþróttamiðstöð Þingeyjarsveitar mun verða lokað í óákveðinn tíma, þá er eðlilegt að tímabundin áskrifta að aðgangskortum sem nú er í gildi framlengist sem lokun nemur.
4. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og skrifstofustjóra heimild til fullnaðarafgreiðslu á ofangreindum málum.

Sveitarstjórn mun í framhaldinu skoða fleiri leiðir til þess að bregðast við ástandinu og felur sveitarstjóra, oddvita og skrifstofustjóra að útfæra nánari tillögur að frekari aðgerðaráætlun og fylgjast með aðgerðum ríkisstjórnar og annarra sveitarfélaga ásamt því að fylgja leiðbeiningum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

### **3. Viðbragðsáætlun Þingeyjarsveitar við heimsfaraldri inflúensu - 2003017**

Lögð fram viðbragðsáætlun Þingeyjarsveitar við heimsfaraldri inflúensu 1. útgáfa 12. mars 2020.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða viðbragðsáætlun.*

### **4. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða - Ákvörðun um styrkveitingu - 2003018**

Ferðamála- iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur staðfest tillögur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða um styrkveitingar úr sjóðnum vorið 2020. Alls bárust 135 umsóknir og 33 af þeim voru samþykktar. Þingeyjarsveit sendi inn tvær umsóknir, samþykkt var að styrkja verkefnið „Aldeyjarfoss, salernisaðstaða“ að fjárhæð kr. 16.000.000,- en umsókn til verkefnisins „Þeistareykir deiliskipulag“ var hins vegar hafnað.

*Sveitarstjórn fagnar þeim styrk sem FF hefur samþykkt að veita við Aldeyjarfoss og stefnir að því að sækja aftur um vegna Þeistareykja.*

## 5. Fjósatunga - deiliskipulag - 1905026

Tekið fyrir að nýju erindi frá Ómari Ívarssyni dags. 17.05.2019 f.h. SS byggir þar sem óskað var eftir heimild til að nýta ákvæði 2. mgr. 38. gr. skipulagslag nr. 123/2010 til að hefja vinnu við deiliskipulag fyrir hluta jarðarinnar Fjósatungu í Fnjóskadal. Um er að ræða 61,2 ha svæði sem er í gildandi aðalskipulagi skilgreint sem frístundabyggð, en skv. skilmálum aðalskipulags er heimilt að byggja allt að 60 frístundalóðir á svæðinu en lóðir skulu ekki vera minni en 0,5 ha.

Tillaga að nýju deiliskipulagi dags. 20.01.2020 liggur fyrir, 12 bls. greinargerð með forsendum og skipulags- og byggingarskilmálum og skipulagsuppdráttur í mælikvarða 1:2000 í A1. Í fyrirliggjandi tillögu hefur verið tekið tillit til þeirra umsagna og athugasemda sem bárust við skipulagslýsing.

Skipulagssvæðið afmarkast af hluta þess svæðis sem skilgreint er fyrir frístundabyggð á jörðinni skv. aðalskipulagi. Skv. gildandi aðalskipulagi er 60 ha svæði skilgreint sem frístundabyggð í Fjósatungu og er svæðið staðsett í hlíðinni sunnan við bæjarstæðið í Fjósatungu. Skv. aðalskipulagi nær svæðið að gili ofan bæjarhúsanna í Fjósatungu í norðri, að bakka neðan hlíðarinnar í austri, að Grjótá í suðri og upp í um 250 m hæð í vestri.

Í skipulagslýsingu var gert ráð að skipuleggja allt 60 ha svæðið fyrir 60 frístundalóðir en síðar var ákveðið að skipuleggja svæðið í tveimur áföngum þar sem fyrirliggjandi minjaskráning nær aðeins til suðurhluta svæðisins. Fyrri áfangi deiliskipulagsins nær því frá aðkomuvegi upp með Grjótá í suðri og að gili sem liggur niður miðja hlíðina í norðri. Innan skipulagssvæðisins er einnig aðkomuvegurinn sem tengist inn á Illugastaðaveg. 4 ha einkajörð norðan Grjótár er utan skipulagsmarka deiliskipulagsins. Skipulagssvæðið er um 38 ha að stærð.

Áður hafði sveitarstjórn samþykkt að kynna tillöguna, forsendur hennar og umhverfismat fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 4. mgr. 40. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 mælir fyrir um.

*Í ljósi aðstæðna, hversu fáir hagsmunaaðilar eru og að skipulagslýsing var kynnt vel fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum samþykkir sveitarstjórn að falla frá opnum kynningarfundi í samræmi við 4. mgr. 40. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi Fjósatungu í samræmi við 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa málsmeðferð auglýsingar.*

## 6. Markaðsstofu Norðurlands - Umsögn um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun - 2003019

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar tekur undir umsögn Markaðsstofu Norðurlands (MN), um frumvarp til laga um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun og lögum um jöfnun á flutningskostnaði olíuvvara (niðurlagning flutningsjöfnunarsjóðs olíuvvara), og gerir einnig alvarlega athugasemd við að í þessu frumvarpi sé hvergi minnst á flutningsjöfnun á flugvélaeldsneyti.

Umsögn MN er eftirfarandi:

„Um langt árabil hefur MN, Flugklasinn Air 66N, Isavia, Íslandsstofa, sveitarfélög, samtök sveitarfélaga, atvinnuþróunararfélög og fyrirtæki á Norðurlandi ásamt fleiri aðilum unnið að því að markaðssetja áfangastaðinn Norðurland og Akureyrarflugvöll sem aðra gátt inn í landið. Það er jafnframt yfirlýst stefna stjórnavalda að vinna að því markmiði og hefur Akureyrarflugvöllur verið settur þar í forgrunn. Flugþróunarsjóður var stofnaður til þess að skapa hvata fyrir flugrekendur til að fljúga beint til Akureyrar eða Egilsstaða og Isavia hefur sett upp afsláttarkerfi af sínum gjöldum fyrir beint millilandaflug inn á þessa flugvelli.

Staðan er samt sem áður sú, að samkeppnishæfi þessara flugvalla er mjög skekkt borið saman við Keflavíkurflugvöll ? ekki hvað síst er varðar eldsneytisverð. Öllu flugvélældsneyti fyrir millilandaflug er landað á sama stað, í Helguvík, og dreift þaðan. Það þýðir að án flutningsjöfnunar, verður eldsneytið mun dýrara á Akureyri og Egilsstöðum en í Keflavík. Þetta þýðir jafnframt að hvatinn sem búinn var til með styrkjum Flugþróunarsjóðs (leiðabróunardeild sjóðsins, þar sem í boði er ákveðin fjárhæð fyrir hvern farþega sem lendir á viðkomandi flugvöllum) hverfur í það að greiða niður hærra eldsneytisverð á þessum flugvöllum ? og dugir ekki alltaf til. Það hlýtur að vera markmið stjórvalda að leiðréttu þennan mun, fella þotueldsneyti undir lög um flutningsjöfnun og virkja þannig hvatann sem Flugþróunarsjóði var ætlað að skapa.“

*Sveitarstjórn skorar á stjórnvöld að leiðréttu aðstöðumun á alþjóðaflugvöllum landsins með því að fella flugvélældsneyti undir lög um flutningsjöfnun með einum eða öðrum hætti.*

*Hins vegar fagnar sveitarstjórn ný framkominni ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að flýta uppbyggingu Akureyrarflugvallar og telur að hún auki mikilvægi þessarar leiðréttингar.*

## **7. Fagrafell ehf. - Umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi - 2003020**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra dags. 24.03.2020 þar sem Sabine De G De Bourmont, forsvarsmaður Fagrafells ehf. sækir um rekstrarleyfi í flokki II-Gististaður án veitinga í Fagrafelli í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá byggingarfulltrúa og heilbrigðis og eldvarnareftirlitini, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.*

## **8. Skýrsla sveitarstjóra - 1903026**

Sveitarstjóri fór yfir helstu verkefni úr starfi sveitarfélagsins síðustu vikur.

*Vikurnar hafa verið annasamar vegna heimsfaraldursins COVID-19. Viðbragðsáætlun Þingeyjarsveitar var virkuð og viðbragðsteymi fundar nú reglulega og gætir þess að sveitarfélagið búi yfir nýjustu upplýsingum frá almannavarnardeild ríkislöggreglustjóra og landlæknisembættinu um stig faraldursins. Áætlunin þjónar þeim tilgangi að vera stjórnendum sveitarfélagsins til stuðnings um það hvernig takast eigi á við afleiðingar neyðarástands sem kann að ógna lífi og heilsu almennings, umhverfi og/eða eignum. Áætlunin miðast við að starfsemi sveitarfélagsins verði skert og að hluti starfsfólks verði rúmfastur vegna veikinda eða í sóttkví í ákveðinn tíma. Markmið áætlunarinnar eru að stuðla að öryggi starfsmanna og lágmarka áhrif inflúensufaraldursins á rekstur sveitarfélagsins.*

*Brugðist var við samkomubanni og takmörkun á skólahaldi sem yfirvöld settu þann 15. mars s.l. og hafði það mikil áhrif á ýmsa þjónusta og starfsemi sveitarfélagsins.*

*Félagsstarfi eldri borgara var frestað, bókasöfnun var lokað og starfsemi íþróttarmiðstöðvar og grunn- og leikskóla var takmörkuð. Eftir enn hertari aðgerðir stjórvalda á samkomubanninu var svo sundlaug og líkamsræktarsal lokað. Ákvörðun var svo tekin 24. mars að færa skólastarf yfir í fjarnám heima fyrir framyfir páiska. Starfsemi leikskóla er í lágmarki, en þeir eru einungis opnir fyrir forgangshópa. Æ erfiðar reyndist að halda úti skólastarfí í samræmi við fyrirmæli yfirvalda eins og skólaakstri, brúa forföll o.fl. Einnig þar sem smit vegna COVID-19 eru farin að greinast í nágrenni við okkur. Nemendur á öllum stigum grunnskólans fá nú fjarkennslu og lögð verður áhersla á reglulegt fjarnám og fasta rútinu eins og hægt er. Staðan verður*

svo tekin eftir pásku.

*Skrifstofa sveitarfélagsins hefur verið lokað almenningi en starfsemi verið óbreytt að öðru leyti. Íbúar og aðrir hafa haft samband í gegnum síma og tölvupóst og nú eru allir fundir fjarfundir. Starfsfólk hefur verið skipt upp í two hópa, meðan annar hópurinn mætir á vinnustað til starfa þá vinnur hinn hópurinn heimavið með fjarvinnslu.*

*Heimaþjónustan er starfrækt líkt og verið hefur en þó nokkuð er um að þjónustuþegar óski eftir því að fá ekki þjónustu um sinn en starfsfólk fylgist vel með sínum skjólstæðingum. Ég vil hvetja alla að huga vel að sínum nánustu, verum dugleg að hringja og halda sambandi þó við höldum heimsóknum í lágmarki. Ákveðið var að bjóða uppá að sækja vörur í matvöruverslanir fyrir einstaklinga sem tilheyra viðkvæmum hópum og geta ekki nálgast þær sjálfir sökum faraldursins. Einnig var kallað eftir því að íbúar legðust allir á eitt við að aðstoða aðra, myndu líta eftir nágrönum og bjóðast til þess að aðstoða við innkaup. Virkilega ánægjulegt hversu vel íbúar hafa tekið í það og eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum. Sveitarstjórn tók að sér að hringja út til fólks, bæði til þess að upplýsa um að slík þjónusta væri í boði og eins til að kanna hvort aðstoð bærist frá vinum og vandamönnum.*

*Haldnir hafa verið stöðufundir á tveggja daga fresti með aðgerðarstjórn á Akureyri vegna viðbragða við útbreiðslu COVID-19. Á fundunum fara Halla Bergþóra Björnsdóttir lögglustjóri og Kristján Kristjánsson yfirlögglubjónn yfir stöðu mála með fulltrúum viðbragðseininga og almannavarnanefndar svæðisins. Fundirnir eru fjarfundir, bæði sveitarstjóri og slökkvilliðsstjóri sitja fundina. Engin smit hafa verið greind í Þingeyjarsveit en alls hafa 11 smit verið greind á Norðurlandi eystra, þar af fimm í Mývatnssveit.*

*Dómsmálaráðherra er búin að staðfesta samkomulag um skipan sameiginlegrar almannavarnarnefndar í umdæmi Lögglustjórans á Norðurlandi eystra. Fyrsti fundur var haldinn í sameiginlegri almannavarnanefnd þann 25. mars s.l. þar sem m.a. samþykktir og rekstraráætlun voru lagðar fram og samþykktar. Sameiginleg nefnd er því tekin til formlegra starfa og á sveitarstjóri sæti í nefndinni.*

*Sveitarstjóri sat fund þann 20. mars s.l. með forsvarsmönum sveitarfélaganna í Þingeyjarsýslum, Framsýnar og Samtaka atvinnurekenda á Norðausturlandi þar sem farið var yfir stöðu mála í atvinnulífinu á þessu svæði í ljós COVID-19. Miklar áhyggjur og óvissa hjá mörgum og ekki síst í ferðapjónustunni, rætt almennt um aðgerðir og viðbrögð stjórnvalda.*

*Að mörgu er að hyggja á tínum sem þessum, meta þarf stöðuna reglulega, allt getur breyst svo snögglega og óvissan er mikil. Allir eru að reyna sitt besta, bregðast við og taka ákvarðanir, breyta og taka aðrar ákvarðanir í ljósi nýrra upplýsinga, þetta eru jú fordæmalausir tímar. En mikilvægt er að muna að þetta er tímabundið, þetta mun ganga yfir og við munum sjá bjartari tíma.*

*Sveitarstjórn vill þakka starfsfólk sveitarfélagsins og íbúum fyrir sitt framlag og skilning á aðstæðum sem nú eru uppi.*

## **9. Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) - Fundargerðir - 2002017**

Fundargerð 7. fundar stjórnar SSNE

Lögð fram til kynningar.

# Undirritunarsíða

Dagbjört Jónsdóttir



Undirritað af:  
Dagbjört Jónsdóttir  
2501685359  
Dags: 26.03.2020  
Tími: 15:42:55  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 1f3706ae-  
2a38-41a2-806c-  
180b4e7ad960

oddviti  
Arnór Benónýsson



Undirritað af:  
Arnór Benónýsson  
1308542819  
Dags: 26.03.2020  
Tími: 15:42:03  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 1f3706ae-  
2a38-41a2-806c-  
180b4e7ad960

Magrét Bjarnadóttir



Undirritað af:  
Magrét Bjarnadóttir  
2209593769  
Dags: 26.03.2020  
Tími: 15:38:54  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 1f3706ae-  
2a38-41a2-806c-  
180b4e7ad960

Árni Pétur Hilmarsson



Undirritað af:  
Arni Pétur Hilmarsson  
1604764519  
Dags: 26.03.2020  
Tími: 15:33:41  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 1f3706ae-  
2a38-41a2-806c-  
180b4e7ad960

Jóna Björg Hlöðversdóttir



Undirritað af:  
Jóna Björg  
Hlöðversdóttir  
1712853649  
Dags: 26.03.2020  
Tími: 15:40:23  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 1f3706ae-  
2a38-41a2-806c-  
180b4e7ad960

Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson



Undirritað af:  
Sigríður Hlynur  
Helguson  
Snæbjörnsson  
0904695849  
Dags: 26.03.2020  
Tími: 15:39:58  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 1f3706ae-  
2a38-41a2-806c-

Sigurbjörn Árni Arngrímsson



Undirritað af:  
Sigurbjörn Árni  
Arngrímsson  
3108735359  
Dags: 26.03.2020  
Tími: 15:34:19  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 1f3706ae-  
2a38-41a2-806c-  
180b4e7ad960

Ásvaldur Ævar Þormóðsson



Undirritað af:  
Ásvaldur Ævar  
Þormóðsson  
1503582489  
Dags: 26.03.2020  
Tími: 15:36:03  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 1f3706ae-